



KKA – Akstursíþróttafélag

Umferðarstofa
Brynhildur Georgsdóttir
frankvæmdastjóri ökutækjasviðs
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Akureyri 14. júní 2006.

Ég er formaður KKA Akstursíþróttafélags sem er félagsskapur manna á Norðurlandi sem stundar enduro og motocrossakstur o.fl. Sjá nánar www.kka.is.

Aron sendi mér:

Greinargerð með tillögu um undanþágu tiltekinna ökutækja frá skráningarskyldu í ökutækjaskrá

Hann sagði að Umferðarstofa hefði óskað eftir umsögn og áliti á þessum drögum. Álit KKA á þessu er hér að neðan:

KKA legst eindregið gegn því að motocrosshjól verði ekki lengur skráningarskyld **ef það leiðir til þess að hjólin verði ekki lengur tryggingaskyld skv. umferðarlögum.**

KKA hefur alltaf lagst mjög eindregið gegn því að draga úr tryggingum á motorhjólum. Það skiptir engu máli hvort um er að ræða motocross hjól á rauðum númerum eða endoruhjól á hvítum númerum. Á þessum hjólum þarf nauðsynlega að vera skyldutrygging skv. umferðarlögum, þ.e. ábyrgðartrygging og slysatrygging fyrir ökumann.

Við höfum náð mjög góðum árangri í þeirri baráttu að allir séu á skráðum og tryggðum hjólum. Enginn má hjóla á svæðum KKA nema á skráðum og tryggðum hjólum. Enginn má taka þátt í keppnum á vegum KKA nema á skráðum og tryggðum hjólum, enda er það lagaskylda.

Allt önnur tryggingaþörf er á motorhjóli eða t.d. golfbíl. Motorhjól á rauðum númerum eiga miklu meiri samleið með motorhjólum á hvítum númerum heldur en öðrum ökutækjum og á að vera sama tryggingaskyldan.

Það þarf að skilgreina í lögum motocrosshjól sem eru á rauðum númerum, þ.e. þau falli ekki undir flokkinn torfærutæki. Síðan þarf að setja ákvæði í lögina

um það að motocrosshjól megi ekki nota annars staðar en á lokuðum motocrossbrautum. Í sjálfu sér er í umferðarlögum blátt bann við að nota þessi hjól annars staðar en á einkavegum sem þýðir að hvergi má hjóla nema í brautum.

Við höfum unnið mikið starf í því að tryggja ungmenni sem aka eftir reglugerð nr. 257/2000. Foreldrar eru mjög ósáttir við það, ef slakað yrði á tryggingamálum barna þeirra. Þau mál eru að komast í ágætan farveg. Sýslumaður hefur gefið út undanþágur frá ökuréttindum, skv. reglugerð nr. 257/2000, og foreldrar sjá nú tilgang í því að skrá og tryggja hjól unglinganna, sem er að sjálfsögðu stórmál að sé í lagi.

Að fella niður tryggingaskylduna væri stórt skref aftur á bak. Það myndi leiða til þess að tryggingafélög myndu ekki bjóða upp á slíkar tryggingar fyrir MX hjól (þ.e. ábyrgðar- og slysatryggingar). Ef menn aka á gangandi menn í brautinni starfsmenn eða annað, þá er engin ábyrgðartrygging fyrir hendi. Í langflestum tilvikum þá verður það svo að hjólin verða ótryggð. Þeir sem vilja tryggja sig munu hafa kost á því að kaupa rándýrar slysatryggingar sem koma aldrei í staðinn fyrir þær tryggingar sem nú bjóðast eftir umferðarlögum.

Ef þessi breyting verður gerð þá dettum við inn í það óæskilega ástand sem við erum að berjast gegn núna, þ.e. að menn aki á óskráðum og ótryggðum ökutækjum.

Með kveðju.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Hjaltason, hdl.

www.alhf.is

th@ALhf.is

892 9800

892 9806

460 9800

fax. 460 9801